

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd.

2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1, um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 781/2005 frá 24. maí 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, merkt fylgiskjal IX, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 151/2005 frá 23. febrúar 2005.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 857/2005 frá 6. júní 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, merkt fylgiskjal X, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 151/2005 frá 23. febrúar 2005.

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 70. gr., 4. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 26. júní 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal IX.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 781/2005**

frá 24. maí 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópubandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽²⁾ var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari.
- 3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjótd. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 68/2004 (Stjótd. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14).

VIDAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fylgiskjal X.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 857/2005**

frá 6. júní 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópubandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽²⁾ var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari.
- 3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega.

Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.

- 4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Markmið**

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjórn. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Stjórn. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 68/2004 (Stjórn. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14).

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.